

Leysist Búnaðarfelag Nauteyrarhrepps upp, skal hreppsnefnd Nauteyrarhrepps hafa **58**
stjórn og umsjón sjóðsins með höndum. **24. maí**

Reikningsár sjóðsins sje almanaksárið. Skal reikningur hans árlega lagður fram endurskoðaður, með reikningi Búnaðarfelags Nauteyrarhrepps, meðan stjórn þess fjelags hefir stjórn sjóðsins með höndum, en annars fylgi hann með hreppsreikningnum.

6. gr.

Leitað skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Fyrir hönd Búnaðarfelags Nauteyrarhrepps.

Melgraseyri, 4. apríl 1921.

(sign.) *Jón H. Fjalldal.*

Reglugjörð

um hafnargjöld í Reykjavík.

59

30. maí

1. Lestagjald.

1. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip, mótorskip, bátar hverskyns uppskipunartæki, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

2. gr.

- a. Allar fleytur, sem helma eiga í Reykjavík og minni eru en 30 tons brúttó, skulu greiða lestagjald tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí, 1 kr. fyrir hvert nettó tonn, þó aldrei minna en 2 krónur í senn.

Uppskipunarbátar, prammar og önnur uppskipunartæki, svo og geymsluskip, greiða sama gjald, þótt stærri sjeu en 30 tons brúttó.

- b. Öll skip, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemtiskip, skip sem gjörð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip þau, sem getur um í staflíð c þessarar greinar, skulu greiða 20 aura lestagjald fyrir hvert nettó tonn.

Innlend fiskiskip og öll skip, sem eru eingöngu í innanlands siglingum, skulu þó eigi greiða lestagjald þetta oftár en tvisvar í mánuði, þótt þau komi oftár til hafnar.

- c. Skip, sem leita hafnar vegna illveðurs, sjóskaða, eða skemda á skipi á einhvern hátt, greiða ekki lestagjald nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur,

59 Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að rjetta áttavita, setja á land
30. maí sjúka menn eða látna, eða til að fá skipanir.

3. gr.

Ef skip er lengur í höfninni en einn mánuð og notar eigi festar hafnarinnar, skal það að þeim tíma liðnum greiða 5 auro lestagjald af tonni fyrir hverja viku, eða hluta af viku, sem skipið dvelur í höfninni. Hafi skipið verið tekið á land til viðgjörðar, telst sá tími ekki með, er það stóð uppi.

2. *Vita- og sæmerkjagjald.*

4. gr.

Skip, sem heima eiga í Reykjavík og minni eru en 30 tonn brúttó, skulu greiða vitagjald 2. janúar og 1. júlí, 2 krónur í hvert sinn.

Öll önnur skip skulu greiða vitagjald í hvert sinn er þau koma til hafnarinnar, 2 kr. fyrir fyrstu 50 nettó tonninn og 2 auro fyrir hvert nettó tonn þar fram yfir.

Undanþegin vitagjaldi eru þau skip sem eigi greiða lestagjald samkvæmt b-lið 2. greinar.

3. *Bryggjugjald.*

5. gr.

Hvert skip, sem legst við bólvirki eða bryggju, aðra en bátabryggju, skal greiða bryggjugjald af nettó burðarmagni skipsins, talið í heilum tonnum, en brotum skal sleppa.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 10 auro af hverju tonni, þó aldrei minna en 10 krónur um sólarhringinn.

Ef skip liggur utan á öðru skipi, sem liggur við bólvirki eða bryggju, skal það greiða 5 auro af hverju nettó tonni fyrir hvern sólarhring, þó aldrei minna en 5 krónur um sólarhringinn.

Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

6. gr.

Bátar, sem stærri eru en 30 tonn brúttó, skulu greiða 5 krónur fyrir hvern sólarhring, eða hluta úr sólarhring, sem þeir liggja við bátabryggju á innri höfninni, en minni bátar 2 krónur.

Undanþegnir þessu gjaldi eru bátar, sem heima eiga í Reykjavík, og eingöngu eru notaðir við fólksflutning eða vöruflutning á höfninni.

4. *Festargjald.*

7. gr.

Skip og bátar, önnur en herskip og varðskip, sem nota festar hafnarinnar skulu greiða 5 auro af hverju tonni af nettó burðarmagni skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta sólarhrings, þó aldrei minna en 50 auro um sólarhringinn.

Noti skip eða bátur sömu festar lengur en 3 mánuði samfleytt lækkar gjaldið að þeim tíma liðnum um helming.

5. *Fjörugjald.*59
30. maí

8. gr.

Fyrir að leggja skipi á fjöru til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða 10 aura af hverju tonni af nettó-burðarmagni skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 2 krónur um sólarhringinn.

Fyrir báta-uppsátur á innri höfninni greiðist 10 krónur á missiri fyrir fram 2. janúar og 1. júlí.

6. *Kjölfestugjald.*

9. gr.

Ef skip tekur kjölfestu á Reykjavíkurbær, skal það greiða 10 aura af hverju tonni af nettó burðarmagni skipsins, en 5 aura af hverju tonni, ef það skipar upp kjölfestu.

7. *Vatnsgjald.*

10. gr.

Fyrir drykkjarvatn og ketilvatn handa skipum skal greiða það gjald fyrir hvert tonn, sem hafnarnefnd ákveður.

8. *Hafnsögugjald.*

11. gr.

Öll skip, sem stærri eru en 30 tonn bruttó, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma frá útlöndum og leggjast við festar innan takmarka Reykjavíkurbæjar.

Komi skip oftár á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann.

Herskip, skemtiskip og fiskiskip, sem skrásett eru hjer á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

12. gr.

Hvert það skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald.

Auk þess skal greitt sjerstakt gjald fyrir leiðsögn skipa um höfnina, þar á meðal inn í og út úr innri höfninni.

13. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar, 10 aura á hvert netto reg. tonn skipsins, þó aldrei minna en 15 krónur.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni hálf gjald, þó aldrei minna en 10 krónur.

- 59 30. maí
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina, þar á meðal inni í og út úr innri höfninni greiðist: 10 krónur fyrir hvert skip, sem er alt að 100 nettó reg. tonn og 2 aura að auki fyrir hvert nettó reg. tonn fram yfir 100.
 - d. Fyrir leiðsögu frá og til nærliggjandi hafna greiðist sú borgun, er hafnarstjóri ákveður í hvert sinn.
 - e. Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar, eða sem skylt er að greiða hafnsögugjald samkv. 11. grein, greiða 1 krónu í hafnsögumannssjóð.

9. Vörugjald.

14. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi eða dauðum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land, eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, með þeim undantekningum er síðar getur.

15. gr.

Ef vörur, sem á farmskrá skips eru ákveðnar til annara hafna en Reykjavíkur, eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru þær vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemda á skipi.

16. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip, og ákveðnar eru til annara hafna innanlands, greiðist hálf vörugjald.

17. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Nýr og saltaður fiskur, óverkaðar og nýjar fiskiafurðir, sem fluttar eru á land í höfninni.
- b. Innlend mjólk og rjómi, sem flyst til hafnarinnar.
- c. Umbúðir, sem endursendar eru.
- d. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- e. Brjefapóstur og farangur ferðamanna.
- f. Vörur og tæki til hafnarinnar.

18. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meiru telst heil gjaldeining, en minna brot hálf gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í tje eftirrit af farmskrá skips hans. Sje engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefir fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

19. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldsskrá tiltekur og gjald greiða 30. maí eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 10 aura.

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

20. gr.

Vörugjaldsskrá.

1. flokkur: *Gjald 15 aurar fyrir hver 100 kg.*

Bly, brýni, cement, eldfastur leir, gaddavír og stálvír, gærur saltaðar í pökkum, hverfisteinar, ís, ísvariinn fiskur, járn, koparvír, járn og stál, járnkeðjur og járnþíp-ur, kaðlar, kitti, kol, krít, litarvörur þungar, nýr fiskur slægður og óslægður, ofnar og steyptar járnvörur, óverkaður saltfiskur, prentsverta, salt, sild, sóði, togleður, þakjárn, þakpappi.

2. flokkur: *Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg.*

Aburðarolía, baðlyf, benzín, feiti, fernisolía, fiskilínur, garnir, hrogn, hey, kálmeti, kartöflur, kornvörur allsk., kjöt, leður, leirvörur, linolíum, mör, pappír og bækur, pokar, pokastrigi, rjúpur og aðrir fuglar, rúðugler, saltfiskur þur, saumur, sápa, segldúkur, seglgarn, steinolía, tól, tjara, tvistur, væxdúkur.

3. flokkur: *Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg.*

Avextir nýjir, þurkaðir og niðursoðnir, brauðvörur, harðfiskur, kaffi, kakao, lyf og lyfjavörur, lýsi, mjólk, niðursoðuvörur, nýlenduvörur allskonar, palmín, smjör, smjörlíki, súkkulaði, sundmagar, sykur, te, ull.

4. flokkur: *Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg.*

Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvarningur og þess háttar ljettar vörur, rjól, rulla, reyktóbak, skinnvörur, skófataður, vefnaðarvörur, vindlar, vindlingar.

5. flokkur: *Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg.*

Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.

6. flokkur: *Gjald kr. 1,60 fyrir hvern ten.m.*

Timbur, tunnur og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

7. flokkur: *Gjald kr. 3,25 fyrir hvern ten.m.*

Bifreiðar, húsgögn, orgel, píanó, saumavjelar, skilvindur, stundaklukkan og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

8. flokkur: *Gjald 2 kr. fyrir hvert stykki.*

Hross, nautgripi og svín.

9. flokkur: *Gjald 25 aurar fyrir hvert stykki.*

Sauðfje.

10. *Lóðir og geymsluhús m. m.*

21. gr.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru, á land hafnarinnar, skal greiða 2 aura fyrir hvern fermeter af landi því sem varan liggur á, fyrir hvern sólarhring, eða hluta af sólar-

59 hring, talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið. Sama gjald skal greiða fyrir vörur, 30. maí sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara elga í skip.

22. gr.

Ef vörur, sem affermdar eru, eru látnar í geymsluhús hafnarinnar, skal greiða 5 aura fyrir hvert stykki fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið, enda sje varan hirt innan 3ja daga. Fyrir aðra vörugeymslu greiðist það gjald, sem um semur við hafnarstjóra.

23. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar og geymsluhús, sem leigð eru einstökum mönnum eða fjelögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

24. gr.

Fyrir að nota dráttarbáta hafnarinnar, krana hennar, sporbrautir og önnur tæki, skal greiða það gjald, sem hafnarstjóri ákveður í hvert skifti.

11. *Innheimta og greiðsla hafnargjalda.*

25. gr.

Hafnarstjóri sjer um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

26. gr.

Skipstjóri eða formaður á skipum, bátum og öðrum fleytum ber ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem ákveðin eru í 1. til 13. gr. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á fleytunni, ber eigandi fleytunnar ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefir haldsrjett yfir fleytunni, uns gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem ekki er í reglugjörð þessari ákveðin fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri getur vænst þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann með vottorði frá hafnarstjóra sanni, að hann hafi greitt öll gjöld til hafnarinnar.

27. gr.

Vörugjald, og leigu fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar samkv. 21. og 22. gr., greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarstjóra skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip. Hafnarsjóður hefir haldsrjett á vörunum uns gjaldið er greitt.

28. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar samkv. 23. gr. greiðir samningsaðili.

59
30. maí

29. gr.

Gjald fyrir að nota krana hafnarinnar, sporbrautir og önnur tæki samkv. 24. gr. greiðir sá, sem hafnarstjóri semur við um afnotin.

30. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugjörð má taka lögtaki.

31. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari verða sektum frá 10—500 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Reykjavíkur.

32. gr.

Með mál út af brotum á reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

33. gr.

Með reglugjörð þessari er úr gildi numin reglugjörð 27. marz 1918 um hafnargjöld í Reykjavík og reglugjörð 31. desember 1918 um hafnsögugjöld í Reykjavík.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. júní 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 30. maí 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.